

74. fundur

## Skólaráð 11. mars 2019

Mættir: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS, Ámundi fulltrúi USK, Haraldur frá Kringlumýri, Karl og Helga Dögg fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, Aðalbjörg og Árni.

Fundur kl. 18:00

Fundarritari: Árni

Dagskrá: Húsnæðismál Fossvogsskóla

- Framkvæmdasvið er byrjað að vinna að framkvæmdum í skólahúsnæðinu. Einn aðili á vegum USK samræmir verkin hjá öllum iðnaðarmönnum sem að því koma. Byrjað verður á austurlutanum. Þar sem skólinn verður rýmdur skapast aukið svigrúm til framkvæmda. Aðgerðir miða að því að skólastarf geti hafist við skólabyrjun í haust í Fossvogsskóla.
- Húsnæði undir skólastarfið í skoðun. Húsnæði að Fannborg 2 í Kópavogi skoðað í dag þar sem hægt er að hýsa alla árganga skólans frá 1. -7. bekk út þetta skólaár. Frekari skoðun á húsnæðinu og samingagerð í undribúningi.
- Ákveðið að senda foreldrum upplýsingapóst um nýtt húsnæði eins fljótt og hægt er og upplýsingafundur með foreldrum boðaður miðvikudaginn 13. mars. Óskað eftir fulltrúum frá USK og Verkís á þann fund.
- Frístund verður opin skipulagsdagana 14. og 15. mars.
- SFS ætlar að útvega starfsfólki Fossvogsskóla heilsufarsmælingu.
- Unnið að því að hafa fræðslufund fyrir foreldra um áhrif myglu og raka á heilsufar.
- Næsti fundur 15. mars.